

**Reglur barnaverndarnefndar Eyjafjarðar
um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar
sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

1. gr.

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar veitir foreldrum og barni 15 ára og eldra sem er aðili máls fjárstyrk að teknu tilliti til efnahags foreldra/forráðamanns barna, til greiðslu lögmannaðstoðar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð, sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku á fundi barnaverndarnefndar, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund nefndarinnar þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Eftir atvikum er jafnframt veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum nefndarinnar. Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum nefndarinnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns.

2. gr.

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar veitir jafnframt aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmanskostnaðar fyrir Úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannaðstoð er háður því skilyrði að löglærður aðstoðarmaður hafi leyfi til flytja mál fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn.

4. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barns velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili að máli, sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

5. gr.

Lögfræðingar barnaverndarnefndar Eyjafjarðar afgreiða umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Beiðni um fjárstyrk vegna lögmannaðstoðar skal vera skrifleg og undirrituð. Með beiðni skal fylgja kostnaðaráætlun lögmanns. Hvorki er geiddur kostnaður vegna ferða eða ferðatíma lögmanns, nema sérstaklega sé um það samið fyrirfram. Við lok vinnu lögmanns skal lögmaður skila inn sundurliðaðri tíma- og kostnaðarskýrslu og skal reikningur sendur eftir að lögfræðingur nefndarinnar hefur yfirfarið og eftir atvikum samþykkt tímafjöldann.

Fjárhæð styrkjar skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin. Við mat á fjárhagsstöðu skal hafa til hliðsjónar gildandi reglur velferðarráðs Akureyrar um fjárhagsaðstoð.

Viðmiðunargjald er ákveðið af forstöðumanni barnaverndar Eyjafjarðar í samráði við lögfræðinga nefndarinnar, en horft er til viðmiðunarreglna fyrir héraðsdómstólana í sakamálum um ákvörðun málsvarnarlauna.

6. gr.

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæránleg til Úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

7. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykkt af Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar 18. september 2018 og taka við af reglum sem samþykktar voru þann 14. október 2003